

Mál nr. 333/2013
M
og V v/ réttaraðstoðarliðar fjölskyldutryggingar.

Gildistími váttryggingar vegna upphafs ágreinings í einkamáli.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 17. október 2013, ásamt skilmálum fjölskyldutryggingar.

Málsatvik.

M hefur verið tryggður hjá V með réttaraðstoðartryggingu síðan 1. febrúar 2010. Í váttryggingarskilmálum kemur fram í gr. 7.1. að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp. Af gögnum málsins má ráða að M hafi höfðað einkamál gegn Reykjavíkurborg 28. júní 2010 vegna ágreinings um ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hafna skilum á lóð fasteignar sem M hafði fengið úthlutað áður.

M telur að greiða eigi bætur úr réttaraðstoðartryggingu hans þar sem váttryggingin hafi verið í gildi þegar mál hans gegn Reykjavíkurborg hafi verið höfðað. Miða eigi tímamark ágreinings við útgáfu stefnu. Einnig bendir M á að ef ekki sé fallist á það sé upphaf ágreinings ekki fyrr en ljóst var að Reykjavíkurborg myndi ekki fara að úrskurði Samgönguráðuneytisins sem kveðinn hafi verið upp 21. febrúar 2010. Það hafi verið nokkru eftir dagsetningu úrskurðarins og þá hafi váttryggingin sannanlega verið í gildi og því eigi að greiða bætur vegna réttaraðstoðar.

V telur að að sá ágreiningur, sem M lýsir í málskoti, hafi komið upp þann 26. janúar 2009 þegar Reykjavíkurborg hafnaði beiðni M um að fá að skila lóð sem honum hafi verið úthlutað. Þegar af þeirri ástæðu hafi hann komið upp fyrir gildistöku váttryggingar M hjá V.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum V kemur fram að gildissvið réttaraðstoðartryggingar ná til greiðslu bóta vegna réttaraðstoðar við váttryggingartaka ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp í því máli sem réttaraðstoðar er krafist vegna. Álitaefti í máli þessu snýr að því að því hvenær réttarlegur ágreiningur kom upp milli M og Reykjavíkurborgar sem leiddi til þess að M gaf út stefnu á hendur Reykjavíkurborg 28. júní 2010. Í gögnum málsins má sjá ítarleg gögn um aðdraganda umræddrar málsóknar. Ljóst er af þeim gögnum að ágreiningur í málinu var kominn upp nokkru fyrir útgáfu stefnu. Verður þar sérstaklega litið til þess að Reykjavíkurborg hafnaði því að M gæti skilað umræddri lóð með bréfi 26. janúar 2009. Í kjölfarið kom fram stjórnarsýslukæra til Samgönguráðuneytisins. Ljóst er að slík kæra var sendi fyrir 1. febrúar 2010, þegar váttrygging M tók gildi hjá V. Í síðasta lagi þá var ágreiningur kominn upp í skilningi gr. 7.1. í váttryggingarskilmálum. Hann var því kominn upp áður en váttrygging M tók gildi hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 31. október 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.